

Matvælastofnun
Austurvegur 64
800 SELFOSS

Garðabær, 9. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0028
SS

Efni: Umsögn um tilraunaleyfi til skelræktar Northlight Seafood ehf.

Vísað er í bréf frá Matvælastofnun dags. 11 júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Northlight Seafood ehf. fyrir tilraunaleyfi vegna skeldýraræktar á bláskel (*Mytilus edulis*) á átta ræktunarsvæðum víða um land.

Sótt er um tímabundin tilraunaleyfi til að kanna hvort svæðin átta henti til slíkrar ræktunar og að þau gildi til þriggja ára í senn, geti verið endurnýjuð um eitt ár í senn og að þau gildi að hámarki í sex ár.

Óskað er eftir að tilraunaleyfið feli í sér leyfi til rannsókna á svæðunum m.a. að kanna sjávarstrauma og þörungamagn sjávar og að setja upp ræktunarfleka til að framkvæma prufurækt þar sem kannaður verður vaxtarhraði lirfa/skelfisks. Ekki er áætluð fóðurgjöf. Ekki liggur fyrir hvert áætlað framleiðslumagn geti orðið á svæðunum þar sem þörf er á þeim rannsóknum sem hér er sótt leyfi um áður en hægt er að áætla mögulega framleiðslu.

Sótt er um leyfi fyrir ellefu rannsóknarreiti á átta mismunandi svæðum. Fimm svæðin eru í Húnaflóa – tveir reitir í Hrútafirði, einn í Bitrufirði, einn norður af Bjarnarfirði, tveir í austanverðum Húnaflóa sunnan og norðan við Skagaströnd og einn í utan verðum Miðfirði. Síðan er sótt um einn reit í utan verðum Öndarfirði, einn í utan verðum Viðfirði og að lokum tvo reiti í innan- og austanverðum Skagafirði.

Upplýsingar um framkvæmd tilraunaeldisins eru fremur litlar í umsókninni. Ekki er lýsing á þeim búnaði sem tilraunaeldið krefst s.s. fjöldi, stærð eða gerð ræktunarfleka eða hversu þéttar eða langar línur verða notaðar. Ekki heldur hvort einhvers konar ljósabúnaður eða sjónmerki verði á flekunum. Þá kemur ekki fram hversu oft þeirra verði vitjað og hvernig það mun fara fram. Fram kemur að áætlað verði að vinna við reitina verði eins vistvæn og hægt er en það er ekki útlistað frekar. Einnig er minnst á skipulagða vöktun á svæðunum en hún ekki útskýrð frekar. Að mati Náttúrufræðistofnunar vantar mun betri upplýsingar um fyrirkomulagið á þessu tilraunaeldi og að nauðsynlegt sé að bæta úr því, ekki síst til að meta hugsanleg umhverfisáhrif.

Svæðin þar sem tilraunaeldið er áformað eru mörg og sum þeirra hafa umtalsvert verndargildi vegna náttúrufars. Svæðið í Viðfirði er rétt utan marka friðlýsingar þar sem m.a. eru mikilvæg kóralþörungasvæði vernduð. Svæðin norður af Bjarnarfirði, í Hrútafirði og Miðfirði skarast við eða eru í mikilli nálægð við svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúru-minjaskrár vegna mikilvægra búsvæða sela, einkum landsels, sem er á valista. Syðra svæðið í Skagafirði er mjög nálægt mikilvægu fuglasvæði, Lundey og svæðið í Öndarfirði, sömuleiðis, sjófuglabýggðinni í Hrafnaskálarnúpi. Meta þarf vandlega hvort þessi svæði henti yfir höfuð fyrir slíka starfsemi og huga þarf sérstaklega að mögulegum áhrifum af starfseminni á lífríki, þá sérstaklega fugla og sjávarspendýr.




Skeldýrarækt getur haft margvísleg áhrif á nær- og fjærleggjandi vistkerfi, s.s. á lífmassa plöntusvifs (sem hefur áhrif áfram upp fæðukeðjuna), setuppsöfnun, tegundasamsetningu og hafstrauma svo dæmi séu tekin. Þessi áhrif geta verið neikvæð og því er mjög brýnt að vakta lífríkið í grennd við skeldýraræktun, meta áhrifin og gera ráðstafanir eins og þörf er. Þekkt er að margar fuglategundir sækja í skeldýrarækt og mikilvægt er að ef þörf er á aðgerðum til að draga úr ásókn fugla, að þær séu hófstílltar og valdi fuglunum ekki tjóni. Þetta er sérstaklega mikilvægt í nálægð við mikilvæg fuglasvæði þar sem t.d. hávaðasamar aðgerðir geta ekki átt við. Sama á við um seli sem eru algengir á flestum ræktunarsvæðunum og getur mögulega stafað hættu af ræktunarbúnaði.

Þá er mikilvægt að meta samlegðaráhrif af starfsemi skeldýraeldis við aðra nálæga starfsemi s.s. fiskveiðar, sjókvíaelði, efnisnám, ferðaþjónustu o.fl

Að mati Náttúrufræðistofnunar er mjög mikilvægt að við veitingu tilraunaleyfis sem og framtíðar nýtingarleyfis sé unnið út frá sem bestu upplýsingum um áætlaðar framkvæmdir, rannsóknir sem ræktun og möguleg umhverfisáhrif þeirra. Þá þarf að taka tillit til sérstöðu ólíkra svæða hvað varðar náttúrufar og verndargildi þess. Náttúrufræðistofnun telur að miðað við þau gögn sem stofnunin hefur fengið til umsagnar, að umtalsvert þurfi að bæta upplýsingar um áætlað tilraunaeldi Northlight Seafood ehf. áður en leyfi sé veitt.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

